

46 17. marz	Nöfn jarða, sem tilkall eiga til arðs:	Arður, hundraðshlutar:
	Lambhagi	4,5 %
	Stóri-Lambhagi	12,0 —
	Vestra-Miðfell	9,0 —
	Hurðarbak	2,5 —
	Svarfhóll	7,5 —
	Klaksjóður félagsins	2,5 —
		Samtals 100,0 %

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Svarfdælahéraðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 18. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

47
18. marz

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sjúkraskýlissjóð Svarfdælahéraðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkraskýlissjóður Svarfdælahéraðs.

Tilgangur hans er að afla fjár til sjúkraskýlisbyggingar í Svarfdælahéraði.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af samskotum, er hófust 1913, og af vöxtum af því fé, er safnast hefir, en það var mestmegnis úr Svarfaðardalshreppi. Innstæða sjóðsins var í árslok 1937 kr. 6009.06, auk minningarsjóðs um Arndísi Sigvaldadóttur húsfreyju á Ytra-Kláfaskinni, er stofnaður var við jarðarför hennar 1918 af minningargjöfum um hana til styrktar sjúkraskýlisbyggingunni, en sá sjóður var í árslok 1937 kr. 268.39, og telst líka til sjúkraskýlissjóðsins. Allt fé beggja sjóðanna, til samans kr. 6277.45, var þá í Sparisjóði Svarfdæla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir Svarfdælahéraðs, sem er formaður hennar, hreppstjóri Svarfaðardalshrepps og hreppsnefndaroddviti Svarfaðardalshrepps. Ef sami maður hefir fleiri en eitt af þessum störfum á hendi, svo að stjórnin verði þess vegna ekki fullskipuð, kýs hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps þriðja mann í stjórnina, og skal hann kosinn til jafnlangs tíma og hreppsnefnd sú, er kýs hann, nema þær ástæður, er gerðu kosningu hans nauðsynlega, breytist fyrr, því að þá vikur hann þegar úr stjórninni.

Enn skal varamaður kosinn til eins árs í senn á hreppsskilabingi Svarfaðardalshrepps, til að taka sæti í stjórninni, ef autt verður um stundarsakir vegna andláts, brottflutnings eða annara forfalla.

4. gr.

47

18. marz

Stjórn sjóðsins hefir á hendi reikningshald sjóðsins og gerir ársreikning hans í lok hvers almanaksárs. Skulu reikningarnir jafnan fylgja sveitarreikningum Svarfaðardalshrepps til endurskoðunar og samþykktar, og sé nettóeignar sjóðsins jafnan getið í aðalfundargerð sýslunefndar.

Stjórnin hefir á hendi framkvæmdir allar fyrir sjóðinn, og æðsta vald um mál-efni hans innan þeirra takmarka, sem skipulagsskrá hans setur. Verði ágreiningur um hvort einhver ráðstöfun sé í samræmi við skipulagsskrána, sker heilbrigðis-málaráðuneytið úr, að fengnu álitum landlæknis.

5. gr.

Fé sjóðsins skal — meðan það er ekki notað til byggingar sjúkraskýlis eða lánað til kaupa á læknisbústaðnum — ávaxtað í Landsbanka Íslands eða í Sparisjóði Svarfæla; í sparisjóðnum þó því aðeins, að hann greiði ekki lægri vexti en hæstu innlánsvexti í Landsbankanum, og að stjórn sparisjóðsins telji fé hans jafn-öruggt í sparisjóðnum og í Landsbankanum. Það fé sjóðsins, sem í Landsbankanum kann að vera, skal — eftir því sem við verður komið — lagt þar inn gegn 6 mánaða innláns-skírteinum, er framlengjast um jafnlangan tíma á hverjum gjald-daga, meðan þeim er ekki sagt upp, og öðru fé sjóðsins skal einnig ráðstafað svo, að það sé jafnan handbært $\frac{1}{2}$ ári eftir uppsögn, nema skemur sé. Þó má lána til læknisbústaðarkaupa með lengri uppsagnarfresti, eða semja um árlegar afborganir, ef öll stjórn sjóðsins verður ásátt um það, en vextir af slíku láni skulu vera sem af innláns-skírteinum Landsbankans.

Allir vextir af sjóðnum, gjafir til hans, áheit og aðrar tekjur, sem verða kunna, leggjast við höfuðstól hans, unz bygging sjúkraskýlis er hafin og fé sjóðsins varið til hennar samkvæmt fyrirmælum 6. greinar.

6. gr.

Nú hefir verið lofað styrk til sjúkraskýlisbyggingar frá ríkinu gegn ákveðnu framlagi annarsstaðar frá; er þá stjórn sjóðsins heimilt og skylt að leggja fram fé úr sjóðnum, eftir því sem þarf og hann hrekkur til upp í hin tilskyldu framlög, þó svo, að höfuðstóll sjóðsins tæmist ekki til fulls, og því að eins:

1. að þau framlög verði svo mikil til samans, að nægi — ásamt ríkisstyrknum — til þess að reisa sjúkraskýlið og búa það nauðsynlegum húsmunum og áhöldum, og
2. að trygging sé fyrir því, að Svarfaðardalshreppur einn, eða í félagi við fleiri eða færri aðila, svo sem Eyjafjarðarsýslu, aðra hreppa héraðsins, sjúkrasamlög í héraðinu, eða annan þess háttar félagsskap — taki að sér rekstur þess.

7. gr.

Vöxtum af þeim afgangi sjóðsins, sem eftir verður, er sjúkraskýlið er komið upp, svo og þeim öðrum tekjum, er honum kunna að hlotnast, skal verja til aukninga höfuðstólnum, unz hann er orðinn a. m. k. 1000 kr., en úr því skal vöxtunum varið sumpart til aukningar höfuðstólsins, en sumpart annaðhvort til viðhalds sjúkraskýlinu eða til styrktar sjúklingum, er þar liggja, eða til hvorstveggja.

Skal um þetta ákveðið í nýrri skipulagsskrá, er stjórn sjóðsins skal þá semja og leita konungsstaðfestingar á, en þessi skipulagsskrá fellur þá úr gildi, með því að þeim tilgangi, sem sjóðnum er með henni settur, er þá náð.

Dalvík, 7. apríl 1938.

Í skipulagsskrárnefnd sjóðsins:

Sigurjón Jónsson. Björn Jónsson. Gísli Jónsson.
 Þorsteinn Jónsson. Þór. Kr. Eldjárn.